

Þriðjudaginn 28. maí 1991.

Nr. 27/1991. **Ákærvaldið**(Björn Helgason saksóknari)
gegn**Guðmundi Rúnari Sveinssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Svik. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Valtýr Sigurðsson borgarfógeti.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 19. desember 1990, en einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar refsingar. Aðrir ákærðu í héraði vildu una dómi.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að refsing verði lækkuð.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar ákærða, Guðmund Rúnar Sveinsson.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Guðmundur Rúnar Sveinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. nóvember 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 8. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 593-596/1990: Ákærvaldið gegn Guðmundi Rúnari Sveinssyni, X, Y og Z, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. f.m., á hendur ákærðu, Guðmundi Rúnari Sveinssyni, áður að Baldursgötu 3 í Reykjavík, nú að Fjarðarvegi 29, Þórshöfn á Langanesi, fæddum 11. janúar 1965 í Hafnarfirði, X, Y og Z.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir vátryggingasvik sem hér greinir:

I. Ákærðu Guðmundi Rúnari og X er gefið að sök að hafa í júní 1990 sammælt um að útbúa tjónstilkynningu um árekstur bifreiðanna G-23117, sem er Nissan 1983, og DF-854, sem er Peugeot 1974, gagnert í því skyni að svíkja út tryggingabætur, en atburður þessi er sagður hafa orðið á horni Hringbrautar og Öldugötu í Hafnarfirði 1. júlí 1990, en átti sér aldrei stað. Með þessum hætti tókst X að svíkja kr. 100.000 í vátryggingabætur fyrir tjón á bifreið sinni, G-23117, frá Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, en tjónið hafði orðið, er Guðmundur Rúnar ók bifreiðinni á vatnshana slökkviliðs, sem stóð við Dalshraun í Hafnarfirði, fyrri hluta júní 1990.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Ákærðu Y og Z er gefin að sök hlutdeild í ofangreindum tryggingasvikum með því að hafa undirritað tjónstilkynninguna sem ökumenn að beiðni ákærða Guðmundar Rúnars, og ákærða Y einnig fyrir að hafa skrifað allt varðandi ökutækið DF-854 á tilkynninguna og farið með tjónstilkynninguna á skrifstofu Vátryggingafélags Íslands hf. í Hamraborg, Kópavogi.

Telst þetta varða við 248. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Með bréfi, dagsettu 23. júlí 1990, óskaði Vátryggingafélag Íslands hf. eftir því við rannsóknarlögreglu ríkisins, að fram færi rannsókn á því, hvort árekstur bifreiðanna DF-854, Peugeot, árgerð 1974, og G-23117, Nissan, árgerð 1983, hefði átt sér stað á horni Hringbrautar og Öldugötu í Hafnarfirði hinn 1. júlí sl., en félaginu hafði borist tilkynning um, að svo hefði verið. Jafnframt hafði félaginu borist vitneskja um, að bifreiðin G-23117 hefði áður laskast í árekstri við vatnshana og því væri ekki allt með felldu með tjónstilkynninguna, en samkvæmt henni dæmdist bifreiðin DF-854 í órétti.

Verður nú gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar og þá byggt á framburði ákærðu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, en ákærðu hafa allir viðurkennt að eiga hlut að því, sem mál þetta fjallar um, og á þann veg, sem lýst er í ákærinni.

Ákærði Guðmundur Rúnar Sveinsson fékk í vikunni eftir sl. hvítasunnu, þ.e. fyrri hluta júní, lánaða bifreiðina G-23117 hjá eiganda hennar, ákærða X, til þess að sækja varahluti í bifreið sína, sem var biluð. Í umræddri

ferð ók ákærði Guðmundur Rúnar á vatnshana slökkviliðs við Dalshraun í Hafnarfirði, og skemmdist bifreiðin mikið og var talin ónýtt.

Ákærði X krafði nú ákærða Guðmund Rúnar um greiðslu fyrir bifreiðina, en hann átti ekki fé til þess að greiða fyrir hana. Um tveim vikum eftir óhappið kom upp sú hugmynd að skrifa tjónstilkynningu, þar sem tilgreindur væri árekstur á milli tveggja bifreiða og fá þannig andvirði bifreiðarinnar G-23117 greitt út úr tryggingunum. Ákærði X kveðst ekki hafa viljað taka þátt í þessu, en eftir samtali þeirra um þetta hefði hann bent ákærða Guðmundi Rúnar á Peugeot-bifreið, sem hann gæti keypt fyrir lítið fé til þess að sviðsetja árekstur. Ákærði X kannast ekki við að hafa átt hugmyndina að svikunum, en því hélt ákærði Guðmundur Rúnar fram. Við sampröfun þeirra hélt ákærði X fast við sinn framburð um þetta, en ákærði Guðmundur Rúnar taldi þetta hafa komið af sjálfu sér.

Ákærði Guðmundur Rúnar keypti bifreiðina DF-854 á bifreiðapartasölu í Garðabæ, sem ákærði X var í samstarfi við, og greiddi fyrir bifreiðina 5.000 krónur.

Eftir að ákærði Guðmundur Rúnar hafði keypt bifreiðina, fékk hann ákærða Y til þess að gefa sér leyfi til þess að skrá hana á hans nafn, en ákærði Y tryggði bifreiðina hjá Vátryggingafélagi Íslands hinn 15. júní sl.

Að nokkrum dögum liðnum kom ákærði Guðmundur Rúnar með Peugeot-bifreiðina DF-854 að Stórhöfða við Krýsuvíkurveg. Ók ákærði X síðan bifreiðinni G-23117 á bifreiðina DF-854, kyrrstæða og mannlaus. Var áreksturinn settur á svið til þess, að samræmi væri í skemmdunum á bifreiðunum.

Eftir að áreksturinn hafði verið settur á svið, leitaði ákærði Guðmundur Rúnar til ákærðu Z og áðurgreinds Y og bað þá að skrifa á tjónstilkynninguna fyrir sig og sagði þeim, hvernig hlutunum væri farið. Ákærðu Z og Y undirrituðu síðan tilkynninguna sem ökumenn, hinn fyrrnefndi sem ökumaður bifreiðarinnar G-23117, en ákærði Y sem ökumaður DF-854.

Ákærði Y fór síðan með tilkynninguna til Vátryggingafélags Íslands hf. Í henni er gerð grein fyrir árekstrinum, eins og í ákæru greinir. Þegar Guðmundur Rúnar vissi, að tilkynningin um áreksturinn væri komin til félagsins, sagði hann ákærða X frá því. Leitaði hann þá til tryggingafélagsins, og eftir að bifreiðin G-23117 hafði verið skoðuð, voru ákærða X boðnar 280.000 krónur fyrir bifreiðina, og af þeirri fjárhæð fékk hann fyrir fram 100.000 krónur til þess að greiða áfallin gjöld af bifreiðinni og skyldi fá afganginn að því frágengnu. En áður en til þess kæmi, kom upp grunur um svik þessi, og leiddi það til þess, að félagið greiddi ákærða ekki frekar.

Áður en ákærðu Y og Z undirrituðu tilkynninguna, hafði hinn fyrrnefndi

fyllt hana út, að því er varðaði bifreiðina DF-854, og um aðdragandann að tjónsatburðinum, en ákærði Z hafði fyllt út hluta af upplýsingum vegna bifreiðarinnar G-23117. En fremur telur ákærði Guðmundur Rúnar mögulegt, að hann hafi líka fyllt út eitthvað varðandi þá bifreið.

Niðurstaða.

Með játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í ákærinni og þar er rétt fært til refsíákvæða.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt vottorðum frá sakaskrá ríkisins hafa ákærðu sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði Guðmundur Rúnar Sveinsson hefur átta sinnum sæst á sektargreiðslu fyrir ýmis brot og þrisvar sætt refsídómum fyrir þjófnaðarbrot, síðast 22. apríl 1987 (3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið 3 ár).]

— — —

Refsingar.

Refsing ákærðu Guðmundar Rúnars og X þykir hæfilega ákveðin fyrir hvorn um sig fangelsi í 4 mánuði, og er þá höfð hliðsjón af sakaferli þeirra svo og 78. gr. alm. hgl., að því er snertir ákærða X.

— — —

Skaðabætur.

Vátryggingafélag Íslands hf. krefst 100.000 króna í bætur úr hendi annarra ákærðu en Guðmundar Rúnars. Hefur ákærði X samþykkt kröfuna, en hinir tveir mótmæla henni, þar sem þeir hafi ekki notið ávinnings af brotinu.

Krafa Vátryggingafélags Íslands hf. er réttmæt, og þar sem ákærðu áttu allir þeir hlut að hinni refsiverðu háttsemi, ber að dæma þá til þess að greiða kröfuna óskipt.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærðu Guðmundur Rúnar Sveinsson og X sæti hvor um sig fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Y sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Z sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu X, Y og Z greiði óskipt Vátryggingafélagi Íslands hf. 100.000 krónur í bætur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Þriðjudaginn 28. maí 1991.

Nr. 170/1991. **Vilhjálmur Árnason**

gegn

Bjarna Jónassyni.

Kærumál. Vitni. Skjöl.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. apríl 1991. Kæra þessi er heimil samkvæmt c-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gögn málsins bárust Hæstarétti 18. apríl 1991.

Kröfur sóknaraðila eru þær, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að vísað verði frá héraðsdómi kröfu varnaraðila á hendur Brynjari Eiríkssyni um framlagningu skjals. Þá er krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Fram er komið, að héraðsdómari hefur gert Brynjari Eiríkssyni kost á að láta kærumál þetta til sín taka, en óskar ekki eftir því.

Mál þetta hefur varnaraðili höfðað sem einkarefsimál til ómerkningar ummæla, sem hann telur nafngreinda menn hafa haft um sig við nánar tilgreind tækifæri. Hefur hann nefnt til vitnisburðar nafngreint fólk um málsatvik.